



Gott að vita !!

Tjaldstæði á Bjarmavelli er til útleigu fyrir hópa eða ættarmót.

Upplýsingar gefur Birna í 848 3547 eða bjrnada@simnet.is

Getraunanúmer Umf. Bjarma er 636

Landsmót 50+ verður í Hveragerði helgina 23. – 25. júní. Við hvetjum alla til þess að mæta sem keppendur, sjálfboðaliðar eða stuðningsmenn.

Fjögurraskógahlaup

Björgunarveitarinnar Þingeyjar verður haldið 22. júlí. Markið er á Bjarmavelli.

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum um verslunamannahelgina 4.– 6. ágúst. Allar upplýsingar um landsmótin er að finna á umfi.is.

Stjórnin hvetur fólk til að hreinsa rusl meðfram vegum í sinni landareign. Hreint land, fagurt land.

Stjórn Bjarma:

Birna Davíðsdóttir 8483547
Jón Þ. Óskarsson 8986199
Helen Jónsdóttir 8643228

Varastjórn:

Þórunn Jónsdóttir
Kristján Jóhannesson
Ketill Tryggvason

Bjarmafréttir! Sumar 2017

Leikjanámskeið verður á mánudagskvöldum kl. 20:00 á Bjarmavelli fyrir öll börn á aldrinum 5 – 12 ára. Fyrsta skiptið 12. júní og síðasta 31. júlí.

Fótbolti er á fimmtudags- og sunnudagskvöldum kl. 20:30 á Bjarmavelli, fyrir 12 ára og eldri.

HSP frjálsar á Laugum, eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19:00-21:00.

Sumarsólstöðuganga á Hálsnjúk verður farin miðvikudagskvöldið 21. júní kl. 22:00 frá Vöglum 1.

Formenn nefnda Bjarma eru beðnir að mæta eða senda fulltrúa fyrir sig á fund í vallahúsi Bjarma miðvikudagskvöldið 28. júní kl. 19:00. Starfið og hlutverk nefnda til umfjöllunar.

Vinnukvöld á Bjarmavelli verður miðvikudagskvöldið 28. júní kl. 20:00. Eigum góða kvöldstund saman, snyrtum og fegrum völlinn okkar og vallahúsið. Allir velkomnir.

Bjarmaferð á vegum Ferðanefndar verður 11. ágúst út á Flateyjarðalsheiði. Njótum samverunnar, umhverfisins og kíkjum eftir grösom og berjum. Hafið með ykkur nesti og viðeigandi búnað. Farið verður á einkabilum eða sameinast í bíla.

Bjarmahátíð verður 24. ágúst kl. 20:00 nánar auglýst síðar.

Nefndarskipan Bjarma

2016-2018

Knattspymunefnd:

Steinar K. Friðriksson, form.
Hermann Þór Hauksson
Líney Rúnarsdóttir

Íbrottanefnd:

Rúnar Ísleifsson, form.
Nanna Þórhallsdóttir
Marika Alavere

Ferðabjónustunefnd:

Sigríður Karlsdóttir, form.
Hanna Jóna Stefánsdóttir
Helen Jónsdóttir

Vallarnefnd:

Arnór Erlingsson, form.
J. Bjarki Jóhannesson
Guðbergur Kristjánsson

Húsnefnd:

Jón Þ. Óskarsson, form.
Puríður Davíðsdóttir
Birkir Týr Arnórsson

Ferðanefnd:

Sigrún Jónsdóttir, form.
Birna Davíðsdóttir

Splílanefnd:

Erna S. Valgeirsdóttir, for
Hlíf Guðmundsdóttir

Ballnefnd:

Sigurður Freygarðsson, form.
Gunnhildur Björnsdóttir
Íris Arngrímsdóttir

Þeir sem ekki geta starfað í nefndum verða að láta formenn nefnda eða stjórn vita. Formönnum nefnda er heimilt að kalla fleiri til starfa en þá sem skráðir eru í viðkomandi nefnd.



Bárðdælingar fjær og nær og allir velunnarar Bárðardals

Laugardaginn 24. júní næstkomandi verður Skógardagur í Reit EININGARINNAR í Halldórsstaðaskógi í Bárðardal

Mæting í Reitinn uppúr hádegi, gott, að hafa með sé greinaklippur eða bogasagir, hanska á höndum.

Verkið er að heinsa gróður frá girðingunni og setja greinar í kesti í skóginum.

Fólk hafi með sér nesti

Fyrir hönd Girðinganevnd EININGRINNAR

J A Hermannsson Bárðdal

DALAKOFINN

17. júní verður vöflukaffi frá kl. 15 – 17, vaffla með rjóma og sultu 500 kr, kaffi/te 300 kr. Frítt fyrir 10 ára og yngri.

Frá 18.júní verður opið alla daga frá 9 – 22 bæði í verslun og veitingastað. Eldhúsið lokar kl. 21.45.

Við leggjum mikla áherslu á gott úrval af grænmeti og ávöxtum. Ef þið hafið sérstakar óskir um vörur þá skulum við reyna að uppfylla þær.

Fjölnotapokakarfan er tóm.

Um leið og við viljum þakka öllum þeim sem hafa saumað og gefið fjölnotapoka í körfuna, viljum við hvetja fólk til að hafa pokana með sér í búðina. Þannig rúllar verkefnið best.

Ísvélin er í sumarskapi að venju.

Verið velkomin.

Dalakofinn/Útibú ehf.



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Bókasafnið verður opið einu sinni í viku í sumar, á þriðjudögum kl. 14:30 - 16:30.

Lokað verður frá 4. júlí til 15. ágúst (opið báða dagana).

Bókavörður

Aðalsafnaðarfundur Ljósavatnssóknar

verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju
sunnudagskvöldið 18. júní kl.20:30.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf og kosning
kjörnefndamanns.

Sóknarnefnd



KVENNAHLAUP ÍSÍ.

Hlaupum frá Íþróttahúsinu á Laugum 18.júní kl:
10.00. Þáttökugjald er 1000.- fyrir 12 ára og yngri
og 2.000.- fyrir eldri. Innifalið er bolur,
verðlaunapeningur og hressing.
Sundlaugin á Laugum býður svo öllum konum sem
taka þátt í sund eftir hlaup. Mætum hressar og
njótum þess að vera
saman.

Kvenfélag Reykdæla.



Bókasafn Adaldæla

verður lokað frá og með 19. júní
til og með 30. júlí 2017
Bókavörður.



Messa með fermingu á Þóroddsstað

Messa með fermingu verður á Þóroddsstað
næstkomandi sunnudag, 18. júní, kl. 14:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**
fyrir kl. 15:00. 😊

Verð hálsíðu er
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk
kr.4.300.- m.vsk

*hlaupastelpan@isl.is
8953386*



Sumargöngur kvenfélags Ljósvetninga

Nú eru að hefjast sumargöngur kvenfélags Ljósvetninga. Þetta verða léttar og skemmtilegar gönguferðir sem henta öllum og eru allir hjartanlega velkomnir. Allar göngurnar verða á þriðjudagskvöldum kl 20:00.

-
- 20. júní: Gengið við Godafoss – mæting á planinu að austan
- 27. júní: Gengið niður með Fnjóská að austan – mæting á Bjarmavelli
- 4. júlí: Gengið við Ljósavatnið – mæting við afleggjarann heim að Vatnsenda
- 11. júlí: Gengið um Hálsmela – mæting á Bjarmavelli
- 18. júlí: Gengið í Fljótsbakka – mæting við búðina á Fosshóli
- 25. júlí: Gengið að Barnafossi – mæting við Staðarfell

Vinsamlegast geymið auglýsinguna

Með góðri kveðju,
Tolla og Hanna Berglind



Sundlauginn á Laugum auglýsir!

laugardaginn 17. júní verður sundlaugin lokuð.

Megi þjóðhátíðardagurinn
verða ykkur öllum gleðilegur.

opunnartímar sundlaugarinnar
kl.10-21 alla daga vikunar og um helgar.



HSB félagar 50+

Þá er komið að því að fara í Hveragerði á
Landsmót UMFÍ 50+ helgina 23. – 25. júní.

Njóta skemmtilegs félagskapar og keppa í

hinum ýmsu greinum.

Frekari upplýsingar og skráning er á umfi.felog.is

Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna HSB

Árni Garðar Helgason 868 7749

Reinhard Reynisson 863 6622

Þórir Aðalsteinsson 865 8602



Orðsending til íbúa Þingeyjarsveitar

Að gefnu tilefni og með tilvísun í reglugerð nr. [737/2003](#) m.s.br. skal það áréttað að

allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. Meðferð úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af.

Vakin er sérstök athygli á að opin brennsla úrgangs er með öllu óheimil.

Hafi úrgangur dreifst eða sé meðferð úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Sveitarstjóri

Færslugámar/flökkugámar

Eins og rætt var um á íbúafundum fyrr í vetur verður

boðið uppá færslugáma/flökkugáma undir járn og timbur á tilteknum svæðum í takmarkaðan tíma í sumar.

Gámarnir verða staðsettir á eftirtöldum stöðum, fimm daga í senn:

Laxárvirkjun – 19.-23. júní

Laugar – 26.-30. júní

Norðan við Nípa – 3.-7. júlí

Kiðagil – 10.-14. júlí

Íbúar eru hvattir til að huga að góðri nýtingu á gámunum með því að rúmmálsminka allan úrgang og raða í gámuna eins og kostur er.



Þingeyjarsveit

[Auglýsing um skipulagsmál á Rangá í Kaldakinn](#)

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 23. mars 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og samhlíða breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna nýs ferðaþjónustusvæðis á jörðinni Rangá í Kaldakinn í Þingeyjarsveit. Tillögurnar eru auglýstar eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að reist verði á jörðinni um 10 ný gistihýsi, hvert um sig um 30 m² að stærð. Mögulegt er að fjölga gistihýsum síðar. Þá eru uppi hugmyndir um að endurbyggja núverandi hlöðu og fjárhús og nýta í tengslum við fyrirhugaða ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að aðkoma að gistihýsum verði um nýjan aðkomuveg frá Þjóðvegi nr. 851.

Samhlíða ofangreindri deiliskipulagstillögu er auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 þar sem landnotkun á hluta jarðarinnar Rangár verður breytt úr *landbúnaði í verslunar- og þjónustusvæði (ferðaþjónustusvæði)*. Tillöguuppdrættir með greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 16. júní 2017 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 28. júlí 2017. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur í auglýsingu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 28. júlí 2017. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykktir.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.

17. júní hátíðarhöld
á Laugum



Umf. Efling og samstarfsaðilar hvetja alla íbúa
Þingeyjarsveitar og
aðra nærstadda að safnast saman, gleðjast og
hafa gaman í tilefni dagsins.

Dagskrá:

13:00 Andlitsmálun og blöðrusala við íþróttahús

Posi á staðnum

Skráning á golfmót

13:45 Skrúðganga leggur af stað frá íþróttahúsi

14:00 Dagskrá á íþróttavelli

Ávarp fjallkonu

Hátíðarræða

Þrautir og léttir leikir fyrir alla aldurshópa

14:45 Veitingasala

Grillaðar pylsur, gos, safar og nammi til sölu

Posi á staðnum

15:00 Golfmót

14 ára aldurstakmark

Spilaðar verða 6 holar

Þátttökugjald 500 kr.

15:30 Bíósýning í Þróttó í boði Framhaldsskólans á

Laugum

24.tbl.
14. júní
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



**TÓNLEIKAR MEÐ SÖNGLÖGUM
MARÍU ELÍSBETAR JÓNSDÓTTUR FRÁ
GRENJAÐARSTAÐ**

Á Grenjaðarstað mánudaginn 19. júní klukkan 20:00

Flytjendur eru Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir, söngur
og Helga Kvam, píanó

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

**Tónleikarnir eru styrktir af Norðurorku,
Akureyrarstofu og
Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.**